Vinur villidýranna

Kvikmyndir

Ólafur M. Jóhannesson

Vinur villidýranna
Nafn á frummáli: The Beastmaster.
Handrit: Paul Pepperman og Don Coscarelli.
Leikstjóri: Don Coscarelli.
Sýningarstaður: Regnboginn.

Það er fróðlegt að líta á bíóauglýsingar dagblaðanna þessa dagana. Í Austurbæjarbíói er verið að sýna **Firefox,** í Nýja Bíói **Poltergeist,** í Laugarásbíói **Thing,** í Bíóhöllinni **Get Crazy,** í Bíóbæ **Polyester** og í Regnboganum **Alligator.** Þetta fer bara að verða eins og fyrir austan á Seyðisfirði, þar sem til skamms tíma var talast við á norsku eða dönsku í fínni húsum. Æ, ég gleymdi einni — þeirri nýjustu í A-sal Regnbogans, sú nefnist í auglýsingu **Beastmaster.** Það er kannski ófínt að þýða nafn þessarar myndar yfir á útkjálkamál, en mætti ekki skíra myndina **Konung dýranna.** Æ, nei, þetta er nú ekki nógu gott nafn, máski betra að leita í prógramminu að betra heiti. Þar kemur í ljós, að aðalsöguhetjan heitir Dar. Mætti ekki nota nafn þessa furðumanns og skíra myndina **Dar — konung villidýranna?**

Ég held að þetta heiti gæti átt vel við myndina sem fjallar á fremur óvenjulegan hátt um samband fyrrgreinds Dars er hefir á furðulegan hátt verið numinn úr móðurkviði yfir í leg belju og þaðan leystur með keisaraskurði — við dýr merkurinnar; einkum þó vargfugl einn sem vísar honum til vegar og hlébarða er ver hann með klóm og kjafti, að ógleymdum tveim bjórum er leika af snilld í myndinni, en bjórar þessir reynast hinir fimustu vasaþjófar. Það má kannski segja að mynd þessi sé stæling á Conan villimanni, sem sá dagsins ljós í Nýja Bíói fyrir um það bil ári. Þannig er fjallað um fornsögulegan tíma, þá hið heiðna lögmál tönn fyrir tönn og auga fyrir auga var alls ráðandi. En



furðuverur eru á hverju strái jafnt í eiginlegum sem óeiginlegum skilningi.

En þótt myndin sé stæling á mynd John Milius um Conan villimann, þá er hún um margt nýstárleg. Til dæmis er næsta frumleg beiting myndavélarinnar þá hún tekur sér stöðu innan í varfuglinum og við fáum tækifæri til að upplifa sjónarhorn þessa óskemmtilega dýrs. Eins og áður sagði leika bjórar allstórt hlutverk í myndinni og man ég ekki eftir að hafa séð þá dýrategund í mikilsverðu hlutverki á hvíta tjaldinu fyrr. Standa bjórarnir sig frábærlega og líkjast helst litlum pottormum þegar best gegnir.

Ég sé í auglýsingu að mynd þessi er aðeins bönnuð innan 12 ára. Persónulega fannst mér sum atriði býsna óhugnanleg, eins og þegar gangandi meltingarfæri urðu á vegi Dars og skiluðu félaga hans í heldur ókræsilegu ástandi eftir skamma viðureign. Eða þegar nornir ættaðar úr Machbeth ráðast að þungaðri konunni og nema burt fóstrið. Slíkar senur gætu hæglega vakið martröð hjá 12 ára barni, en hvað er maður annars að röfla — ég man ekki betur en ég hafi séð í sumar „alvöru mannát" af myndbandi sem var á lausu í heimahúsi.



Morgunblaðið/ Emilía Bj. Björnsdóttir

Listamennirnir úr Septem-hópnum, sem nú sýna á Kjarvalsstöðum, við síðasta verk félaga þeirra, Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara, sem lést fyrr á árinu. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Jóhannes Jóhannesson, Guðmunda Andrésdóttir og Valtýr Pétursson, Þorvaldur Skúlason kaus að sitja yfir kaffibolla sínum á meðan hin stilltu sér upp til myndatökunnar.

Við erum eins og akkeri á umbrotatímum

Rætt við Valtý Pétursson um málverkasýningu Septem-hópsins

Enn eru myndlistarmennirnir í Septem-hópnum komnir af stað með málverkasýningu, og sýna nú tugi nýrra mynda á Kjarvalsstöðum. Þau sem nú sýna eru Guðmunda Andrésdóttir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, *Kristján Davíðsson,* Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason, og auk þeirra verka sem þau sýna eru á sýningunni síðustu verk Sigurjóns heitins Ólafssonar myndhöggvara.

Hópurinn stillti sér upp til *myndatöku fyrir framan síðasta* verk Sigurjóns, — öll nema Þorvaldur, sem kærði sig kollóttan um myndatöku. Þegar Emilía hafði smellt af jafn mörgum myndum og henni líkaði, tvístraðist hópurinn og Valtýr var *einn eftir með blaðamanni,* greinilega talinn „authoriseraður" til að koma því til skila sem máli skiptir, sjálfur gagnrýnandinn!

Ellefta sýningin í þessari lotu

„Þessi *septembersýning* okkar er sú ellefta í þessari lotu," sagði Valtýr, „en við höfum hins vegar sýnt saman miklu lengur, ein þrjátíu og sjö ár, allar götur síðan 1946, með mislöngum hléum á milli. — Þetta er vafalaust einn *lengsti tími, sem hópur* listmálara hefur haldið saman á þennan hátt, má mikið vera ef við förum ekki að komast í heimsmetabók Guinness fyrir vikið! — Þetta er talsvert stór sýning, fleiri verk en í fyrra, og eins og vera ber, þá tel ég hana fyrir margra hluta sakir merkilega!

Þetta fólk sem sýnir hér, er búið að hlaupa af sér ungæðisháttinn, orðið fullmótaðir og þroskaðir listamenn, sem hafa í tímans rás þroskað með sér sinn *eigin stíl.*"

Aldur eða þroski?

— Má ekki *með einhverjum* rétti orða þetta á annan veg, og segja að þið séuð orðið roskin, of gömul til að brydda upp á nýjungum?

„Ekki get ég bannað neinum að orða það sona," segir Valtýr og hlær við. „En *mín* skoðun er sú, að ungir listamenn eigi að standa í nýjungum og tilraunum, og tilraunir verður að gera alla tíð. Það væri hinsvegar til lítils unnið og barist, ef listamennirnir fyndu ekki með tím*anum sinn eigin stíl og reyndu* að þroska hann. Það er einmitt það mikilvægasta hverjum listamanni: Að leita og prófa sig áfram, en finna sig síðan í því sem honum lætur best. Þannig skilar listamaðurinn mestu til *samfélagsins, og ég undirstrika* enn á ný, að ég geri alls ekki lítið úr tilraunastarfseminni hjá ungu listmálurunum.

Hitt er svo alveg rétt hjá þér, að við erum að verða ansi fullorðin, það er svo einkennilegt *með þetta líf,* að það *líður hjá* í einu hendingskasti!"

Nýr myndhöggvari með næst

Talið berst að Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara, en á sýningunni eru síðustu verk hans. „Það er mikils misst, og við *söknum* þess sárlega að Sigurjón skuli ekki vera með okkur hér," segir Valtýr, „en nokkur huggun er þó að hann er með í verkum sínum. Hér eru síðustu verk hans, meðal annars eitt sem hann lést frá ókláruðu. *Þetta eru mikil listaverk,* og bera vitni óvenjulegum frumleika Sigurjóns allt fram á elliár, og því ekki síður, að hann var sívinnandi. Það er með ólíkindum hve hann afkastaði.

En maður verður að koma í manns stað og á næsta ári munum við verða með annan myndhöggvara á sýningu okkar. Það er þegar ákveðið hver það verður, en best að upplýsa ekkert um það að svo stöddu!"

Þá verður hvellur!

— Þú segir á næsta ári, eruð þið þegar búin að ákveða næstu sýningu?

„Já, það er þegar ákveðið, að sýna í september að ári, hvað annað! Við erum búin að leggja inn pöntun fyrir Kjarvalsstöðum þá, og það get ég sagt þér, að það verður rosalegur hvellur, ef við fáum ekki inni hér, en raunar bendir ekkertil annars en að svo verði."

— Og þið hafið nóg til að sýna á hverju ári?

„Já, það eru engir erfiðleikar með það. Þessi sýning er til dæmis talsvert stærri en í fyrra, auk þess sem við leggjum undir okkur Vestursalinn á Kjarvalsstöðum, þá erum við með verk á göngunum einnig. Þetta eru allt ný verk, máluð 1982 og 1983, svo sjá má að við erum í fullu fjöri!"

— Í framhaldi af því sem þú sagðir um sýningu næsta ár, þá heyrðist mér ég heyra hér á ganginum frammi, að þið ætluðuð að fara með sýningu til Finnlands, er það rétt?

„Rétt, það veit ég ekki, það getur vel verið rétt og það getur líka verið rangt! — Hérna í hinum salnum eru að sýna ágætar vefnaðarlistakonur frá Finnlandi, og þær hafa heitið á okkur að sýna í Helsinki næsta ár. Ég held að við höfum nú öll sýnt í Finnlandi áður, en hver veit nema við sláum til, skrifaðu það bara!"

Akkeri á umbrotatímum

„Ég skal segja þér það, að ég lít á þessa sýningu, þetta starf okkar í Septem-hópnum, sem eins konar akkeri á umbrotatímum í myndlistinni," sagði Valtýr, um leið og hann bauðst til að ganga með blaðamanni um sýninguna. „Sjáðu til dæmis það sem hann Þorvaldur er að gera. Hér er hann búinn að ná fram slíkri tækni, slíkum þroska í *meðferð lita og forma,* að ekki verður svo auðveldlega leikið eftir. Hið sama má segja um verk þeirra Kristjáns, Karls, Guðmundu og Jóhannesar. Hjá þeim er tilraununum lokið, nú er verið að skapa listaverk, þar sem *listamaðurinn gjörþekkir* sjálfan sig og það sem í honum býr, og er sáttur við þann flöt á listinni sem hann hefur valið sér.

Að öðru leyti held ég að ég hafi ekki fleiri orð um þessa sýningu eða einstök verk hennar, en það verður enginn svikinn sem kemur hingað á septembersýninguna að þessu sinni, og allt til sölu, ekki má gleyma því," sagði Valtýr að lokum kíminn á svip, og gaf til kynna að ekki væri að vænta fleiri yfirlýsinga að sinni. Þá er bara að bíða og sjá, hvað þeir Bragi og hinir gagnrýnendurnir segja, og hvort væntanlegir sýningargestir hrífast enn að hinum „síungu gamlingjum" — róttæklingunum sem einu sinni voru, Septem-hópnum.

— **Anders Hansen**